

261. Stjórnarfundur FEBRANG 12.05.2025 kl.13:00 í fundarsal Oddasóknar Hellu

Mætt voru Finnur Egilsson, Ásdís Ólafsdóttir, Svavar Ólafsson Svavar Hauksson, Sigurborg Óskarsdóttir og Jóna Elísabet Sverrisdóttir. Einar G. Magnússon boðaði forföll

Formaður setti fund og bauð öll velkomin, bað Sigdís Oddsdóttur að rita fundargerð. Svavar Hauksson les síðustu fundargerð.

1. Fundargerð 260. stjórnarfundar frá 14/04/2025 lesin og samþykkt.
2. Skemmtinefnd mætti kl 13.15 og ræddi um Jónsmessuhátíðina sem haldin verður þann 26. júní. Þær ætla að sjá um skemmtiatriði. Vonir standa til að hafa brennu og fjöldasöng sem skemmtinefndin mun halda utan um. Stefnt er að því að byrja kl 20 og vera til miðnættis. Þær koma textum fyrir fjöldasöng til Dísu. Jónsmessuhátíðin verður auglýst fyrir 60+ Í framhaldinu mun skemmtinefndin ásamt Dísu, hittast og skipuleggja árshátíðina og jólahlaðborðið.
3. Jónsmessuhátíð, kostnaður, hljómsveit ofl. Leitað hefur verið eftir tilboðum í veitingar og ákveðið hefur verið að fá Grillvagninn til að sjá um þær. Hljómsveitin vinir Jenna mun sjá um að leika fyrir dansi. Stjórn ákvað að verð fyrir hátíðina verði 8.000 kr á mann.
4. Leiðbeinendur í handverki sáu sér ekki fært að koma en vildu koma þeim skilaboðum á framfæri að þær vilja allar halda áfram næsta vetur. Starfið í vetur hefur gengið vel en u.þ.b. 25 konur hafa mætt að meðaltali. Vorferðin til Víkur gekk vel og vel var tekið á móti konunum.
5. Skráningar fyrir komandi sumar ganga vel. Nokkur fjöldi er komin í sundleikfmi, dagsferð í Grafning og dagsferð til Vestmannaeyja.

6. Landsþing LEB var haldið þann 29. apríl sl. Þrír fulltrúar frá FEBRANG mættu á þingið sem fór vel fram. Mörg góð erindi voru haldin og fulltrúar sammála um að umfjöllunarefni hafi verið vönduð og fagleg. Launamál og húsnæðismál eldri borgara voru ofarlega á baugi. Kosin var ný stjórn LEB og nýr Björn Snæbjörnsson var kosinn formaður.

7. Hugmyndir fyrir næsta haust.

Rætt var að hafa spilin hálfsmánaðarlega á komandi vetri. Til skoðunar er að fá nýja spilastjóra. Sömuleiðis er til skoðunar að breyta kaffifyrirkomulaginu þar sem tvær umsjónarkonur yfir kaffinu hafa óskað eftir að hætta. Einnig var rætt um að hafa spilin lengra fram eftir vori á næsta ári.

Handverkið verður á sínum stað, til að byrja með 1x í viku.

Hugmyndir um hvort hægt verði að hafa línudans. Svavar Ólafsson kannar málið.

Hugsanlega verða samkvæmisdansar einnig á dagskrá. Svavar Ólafsson kannar málið.

Skapandi skrif, Ásdís Ólafsdóttir ætlar að hafa samband við Hörpu Rún Kristjánsdóttur.

8. Önnur mál.

9. Næsti fundur verður verður 18.ágúst kl 13

Fleira ekki gert og fundi slitið

Formaður

Ritari

